

## Deild 67 - Barnahjartadeildin



Á **Avdeiling 67** (barnahjartadeildina) koma hjartveik börn og unglingar allt að 18 ára gömul.

Stærsti sjúklingahópurinn hefur verið í hjartaaðgerð.

Þau koma þangað af gjörgæslunni þegar ástand þeirra er orðið stöðugt að aðgerð lokinni.

Sum barnanna eru á leið í aðgerð.

### Næturnar

Á deildinni er að jafnaði gert ráð fyrir að einungis annað foreldrið eða aðstandandi gisti með barninu á næturnar. Ósjaldan eru þó gerðar á því undantekningar, ekki síst fyrstu nóttina eftir að komið er af gjörgæslunni eftir hjartaaðgerð.

### Matur og næring

**Barnið** fær allar máltíðir á deildinni á meðan á dvölinni stendur. Það þarf að láta vita ef óskað er eftir **sérfaði** eða ef um **ofnæmi** er að ræða.

Mælst er til þess að fólk komi með eigin þela.

Brjóstamjólk er hægt að frysta á deildinni. **Mjaltavélar** er hægt að leigja hjá vaktmönnum í gegnum deildina (Sjúkratryggingar Íslands greiða fyrir það).

**Foreldrar** geta fengið sér af **morgunverðarhlaðborði** á deildinni á morgnanna, gegn greiðslu í þar til ætlaðan þauk.

Í **eldhúsinu** getið þið geymt mat. Hver fjölskylda hefur aðgang að ½ skúffu í **ísskáp** og ½ skúffu í frysti. Hægt er að hita upp mat í örbylgjuofni sem þar er, en engin raunveruleg eldunaraðstaða er á deildinni.

Það er hægt að **panta hádegis-** og kvöldmat á deildinni frá eldhúsinu gegn greiðslu. Matinn þarf að panta **fyrir klukkan 11:30 daginn áður**.

Ef þið komið seint að kvöldi býður starfsfólkið oftast uppá frosna **tilbúna rétti** sem hitaðir eru á deildinni.

**Kaffi** og **te** er frítt.

**Mæður** með börn á brjósti fá drykki sér að kostnaðarlausu.

**Veitingastaður/kaffitería** og sjoppa eru í **aðalbyggingu** sjúkrahússins í ca 2-3 mínútna fjarlægð innanhúss. Þeir sem dvelja á **sjúkrahótelinu** hafa aðgang að veitingastaðnum þar.

## Sími og Internet

Hægt er að fá **síma** á stofuna. Símréikningurinn er sendur til Íslands eftir að heim er komið.

**Kortasími** er nálægt innganginum á barnaspítalanum.

Yfirleitt er ekki leyfilegt að vera með **farsíma** á deildum spítalans en undantekning hefur verið gerð á barnahjartadeildinni (*deild 67*). Notið símann eingöngu inni á herbergjunum eða utan deildarinnar, ekki á göngum eða í eldhúsi.

Hægt er að kaupa þráðlausan aðgang að **Internetinu** á sjúkrahúsinu ef maður er með sína eigin tölvu. Starfsfólkið getur aðstoðað við það. Einnig er hægt að kaupa 3G aðgang hjá sænsku símafélögunum en slíkt kaupir maður þá utan spítalans á eigin spýtur.

## Ýmislegt

*Ef þið viljið **bregða ykkur frá** má semja um það við starfsfólk. Það getur verið býsna hollt.*

Barnamat, graut og **bleyjur** fær maður á deildinni.

Mælst er til þess að menn komi með eigin **snuð** og pela.

**Sængurföt** og **handklæði** fáid þið á deildinni.

Þið hafði aðgang að **þvottavél** í kjallara en þið þurfið að koma með ykkar eigið þvottaefni. Þvottaaðstaða er einnig í Ronald McDonald húsinu og finnst flestum best að notast við hana.

Aðeins ein **tölva** er á deildinni, ónettengd, og er ætluð bæði börnum og fullorðnum. Því er snjallt að vera með sína eigin fartölvu á spítalanum.

**Leikjatölvur** (Super-Nintendo, X-Box, Game-Cube og Play-Station) er hægt að fá lánaðar á deildinni, svo og **DVD** myndir.

Þegar engar sérstakar rannsóknir/meðferð eru á áætlun og líðan barnsins leyfir er mögulegt að fara út af hjartadeildinni í styttri **gönguferðir** t.d. í heimsókn í **leikherbergið** (Lekterapin).

**Apótek** er í sama húsnæði og sjúklingahóтелиð, 2-3 mínútur frá barnaspítalanum.

**Hraðbanki** er í aðalbyggingu sjúkrahússins í ca 2-3 mínútna fjarlægð innanhúss.

Þeir sem dvelja á **sjúkrahótelinu** hafa aðgang þar að **líkamsræktarstöð** og gufu.

## Teymisvinna - stofugangur

Umönnunin þar fer fram sem teymisvinna. Hjúkrunarfræðingar fara stofugang með hjartalækni fyrir hádegi og fara þá yfir áætlun dagsins með foreldrum.

Aðstandendur eru hvattir til að koma á framfæri óskum sínum og skoðunum svo að umönnun sé sem best. Skriðið niður spurningar sem vakna og hafið tilbúnar fyrir stofuganginn.

## Lengd sjúkrahúsdvalarinnar

Lengd sjúkrahúsdvalarinnar ræðst af eðli aðgerðarinnar og hversu fljótt barnið er að ná sér.

Fyrir útskrift er oft boðið upp á næturleyfi, þar sem fjölskyldan getur gist saman í Ronald McDonald húsinu.